

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Skagastrandarkauptún.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru: frá Höfðatá bein lína til suðurs í Djúpsker og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins í Hrafnárós.

2. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirstjórn atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmálefna og eftirlit með höfninni, og sér um viðhald og umbætur á hvorutveggja, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndarinnar.

Hafnarnefnd er skipuð þrem mönnum, og eru tveir kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu kýs einn. Nefndarmenn eru kosnir til þriggja ára, og gengur einn úr árlega.

Að minnsta kosti tveir nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni eða nágrenni þess.

3. gr.

Hafnarnefnd skal ráða hafnarvörð, er hefir þau störf undir umsjón hafnarnefndar, sem talin eru í þessari reglugerð, og annað, sem hafnarnefnd kann að fela honum vegna hafnarinnar. Skal hafnarnefnd gefa hafnarverði erindisbréf, er greini sem skýrast störf hans og skyldur.

Hafnarvörður skal í forföllum sínum setja mann í sinn stað, sem hafnarnefnd samþykkir, og skal sá maður hafa sama vald og hafnarvörður.

4. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og ennfremur annara þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það til hafnarnefndar, en skipun þessara aðilja ber að hlýða tafarlaust. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru framin.

6. gr.

Öll skot við höfnina og á henni eru stranglega bönnuð, og skal sérstaklega gæta þess, að skot og fugladráp frá skipum og bátum á höfninni eigi sér ekki

stað. Þó getur hafnarnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á, og í einstökum tilfellum, svo sem til að skjóta hvali og seli.

77

1. ágúst

7. gr.

Skytt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu þeirra. Álíti hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu og affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisoliu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með sérstöku leyfi hafnarvarða í hvert sinn.

8. gr.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarvarðar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi hafnarvarðar og landeiganda. Við höfnina má ekki gera nein hafnarmannvirki né breyta eða auka við þau hafnarmannvirki, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi nema eftir tilögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar, og gildir leyfið aðeins til eins árs, sé það látið ónotað.

Bannað er að kasta fiskúrgangi eða öðrum óprífnaði í sjóinn frá skipum, er liggja við hafnarbryggjur eða á höfninni.

9. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki eða afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarvarðar um það, hvar þau skuli leggjast.

Ekki má leggja skipum eða bátum svo nærri bryggjum, að eigi sé að dómi hafnarvarðar nægilega gott pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá, né heldur að leggja netum eða duflum svo nærri bryggjum eða á höfninni, að aðgangur verði skipum ógreiður. Skip mega aldrei leggja svo út frá sér strengi eða önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

10. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður báts eða skips að hlýða skipun hafnarvarðar eða flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

11. gr.

Eigi má festa skip við uppfyllingu eða bryggju nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni og uppfyllingunni. Þyki þessa ekki nægilega gætt, má krefjast, að úr þessu sé bætt tafarlaust.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal fara það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið fara skipið burt á kostnað eigandans, og er heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðarins.

13. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast að bryggjum hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrirfram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, svo og afgreiðslubátar slíkra skipa, hafa rétt til að leggjast að bryggju, þó önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að vikja, á meðan hin eru afgreidd. Samskonar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða að áliti hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess; ennfremur getur hafnavorður vísað skipum frá bryggju, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

Ef ágreiningur rís, ræður hafnavorður, í hvaða röð skip komast að bryggju.

14. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða uppfyllingu, sem notuð hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnavorður sjá um, að það sé gert á þeirra kostnað.

15. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða uppfyllingu og eigi annarsstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðar eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burtu muni og vörur jafnskjótt og hann krefst þess. Hafnavorður getur heimtað gjöld eftir vörur, sem látnar eru liggja á landi hafnarsjóðs.

16. gr.

Gjaldskrá.

1. Lóðagjöld: Eigendur þeirra jarða, sem að höfninni liggja, skulu greiða helming hækkunar lóðarleigu í landi jarðanna og helming lóðargjalda nýrra lóða, hvorttveggja talið frá fardögum 1935.
2. Lestargjöld: Öll aðkomuskip og aðkomubátar, sem mæld eru til lestatals, skulu greiða í lestargjald 5 aura af hverri smálest í hvert sinn, er þau leggjast á Skagastrandarhöfn eða við bryggju, þó með þeim undantekningum, sem síðar segir. Lægsta gjald fyrir skip skal þó vera 1 króna.

Gjaldið er reiknað af nettóburðarmagni skipsins, talið í heilum tonn-um; minna broti en hálfu er sleppt.

3. Bryggjugjöld: Skip og bátar, sem nota bryggjur hafnarinnar, greiða í bryggjugjald 5 aura af smálest fyrir allt að sólarhring, þó ekki minna en

kr. 2,00 fyrir skip og báta, sem mæld eru til lestatals, og ekki minna en 1 krónu fyrir smærri báta.

77
1. ágúst

Bátar, heimilisfastir á Skagaströnd, skulu greiða 50 aura fyrir sólarhringinn, þó ekki meira en 20 krónur á ári.

4. Fiskhlutur: Vélbátar og róðrabátar undir 8 tonnum greiða 2% af heildarafla skipsins. Stærri bátar, sildveiðiskip og togarar, greiði 1%. Heimilt er hafnarnefnd að lækka gjald þetta með sérstökum samningi.
5. Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af eða á skipsfjöl, 2 krónur á smálest; þó skal af útfluttri sild aðeins greiða 10 aura fyrir tunnu. Af timbri greiðist 3 aurar af teningsfeti og af tómunum uppsettum tunnum 5 aurar fyrir hverja. Af flutningi og munum til einstakra manna greiðist minnst 10 aurar af stykki.

Aldrei skal taka tvisvar gjald af sömu vöru.

6. Ljósagjöld: Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 14. ágúst til 15. maí og lestargjöld greiða, skulu greiða kr. 2,00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó aldrei yfir 10 krónur á ári.

Smærri skip en 8 smálestir greiði hálf gjald.

7. Vatnsgjald: Þeir, sem ekki hafa gert sérstaka samninga um kaup á vatni frá vatnsleiðslu hafnarinnar, skulu greiða kr. 2,00 fyrir smálest, þó aldrei minna en kr. 5,00.

Herskip, varðskip og skemmtiskip eru undanþegin öllum gjöldum til hafnarinnar.

Póstflutningur, efni og tæki til hafnarinnar er undanþegið öllum gjöldum; þó hefir þetta ekki áhrif á lestargjald skipsins eða bryggjugjald.

17. gr.

Móttakandi greiði vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef skip eða bátur hefir ekki farn sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Andvirði fiskhlutar fellur í gjalddaga við lok hvers mánaðar. Aðkomuskip greiði þó gjaldið strax að uppskipun loki. Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skips í hvert sinn. Ef það er ekki gert, skal hafnarvörður áætla gjaldið og innheimta samkvæmt þeirri áætlun. Hafnarsjóður hefir haldsrétt í vörum og afla, þar til gjöldin eru að fullu greidd.

18. gr.

Hafnarvörður sér um innheimtu allra hafnargjalda og annara tekna hafnarinnar, og skulu gjöldin greidd á skrifstofu hans.

77

1. ágúst

Formaður báts og skipstjóri skips ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda á skipi sínu.

19. gr.

20. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni renna í hafnarsjóð.

21. gr.

Öll gjöld til hafnarsjóðs hafa lögtaksrétt, og hefir hafnarsjóður haldsrétt í skipum og bátum fyrir gjöldunum. Skipstjóri eða formaður, sem fer úr höfninni án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, hefir gerzt sekur um brot á reglugerð þessari.

22. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki hafnarinnar og hafnar-tæki, eru skyldir til að bæta að fullu skaða þann, sem af skemmdunum hlýzt. Formaður hafnarnefndar er réttur sóknaraðili skaðabótamála.

23. gr.

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum 20 til 1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

25. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Með þessari reglugerð er felld úr gildi hafnarreglugerð fyrir Skagastrandarkauptún frá 10. apríl 1934.

27. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 21, 14. júní 1929, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. ágúst 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson,